

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað árið 1945.

Skógurinn: Sala skógarafurða. Minni sala á þessu ári, en í fyrra og undanfarin ár. Eftirspurn eftir girðingarstaurum var með og lítið hægt að selja af eldivið.

Hækjun viðarins, stykkjatala og þungi var þessi:

	Hækjun.	þvermál.	tala	seldra	stk.	Þungi.
a. Staurar		5-7 cm.	196	á	15 kg.	= 2940 kg.
b. - - -		3-5 -	2358	á	6 -	= 14148 -
					2554	

c, Smíðaeftni	10-20					
a. Selt hér á staðnum.						310 kg.
b, Sent til Skógræktar Rb.						3000 -
Eldiviður seldur á staðnum						15200 -
- - - - sendur til Reykjav.						<u>9.000 -</u>
						= 44.598 kg.

Begar kom fram á árið, fóru verzlanir að flytja inn girðingarstaura frá útlöndum, og einnig keyptu bændur járn úr hermannaskálum, og notuðu það í girðingarstaura. Margir bændur kaupa nú kol. Húsmæðraskólinn hér hefur engan eldivið keypt á árinu, og notar nú kol, eingöngu í miðstöðina.

Söluverð á viðnum var mjög svipað og í fyrra. Staurar 2-4 kg. Eldiviður 6-8 kg. 100 kg.

Brautarhöggi var haldið áfram í skóginum, en það er aðkallandi að gera akfæra vegi um skógin, minnsta kosti fyrir léttu bíla í Partinum, var gerð alllöng braut upp í gegnum skóglendið, og verður þeirri braut haldið áfram í sneiðingum upp í Kolakinn, en það er allstórt svæði með öllu ógrisjað.

Maðkurinn hvarf að mestu. Á nýgræðingi var hans dálítlið vart. Er á leið sumar gerði ryðsveppur mikil vart við sig.

Vöxtur á nýgræðingi og yngra skógi var með besta móti, enda sumarið gott. Lengstu árssprotar urðu 65 cm. Er það 35 cm. eða um helmingi meiri hæðarvöxtur en í fyrra.

Skógurinn vart grænu 28 maí. Er það 24 dögum fyr en 1944.

Fræsöfnun: Fræsprettan var lítil. Safngöð var 22 kg. af þurrkuðu fræi. Birkifræið ætti að vera vel proskað eftir þetta sumar, sem var hlítt og sólríkt. Reyndiðarfræ var sama og ekkert í

skóginum. Af reynifræi fengust 45 kg. af ópurruðum berjum, af trjám í gárðnum hér í nágrenninu, svo sem Brimárgerði, Hrafnkellsstöðum og Bessastöðum. Einnig dálítid af trjám í Mörkinni.

Girðingin: Bætt var allmögum staurum í girðinguna og lagfærðar aðrar bilanir. Pípublíðið hjá Hafursá var endurbætt þannig, að pípurnar voru logsöðnar við járngrind sem þær hvíla á, og hafa þær ekkert haggast síðan. Kostnaður við þetta varð um 350 kg.

Veðurfar og veðurathuganir: Veðrátta skipti um til hins betra um sólstöður og var júlí og ágúst með hlýjasta móti. September var ogggóður. Vorið var hinsvegar kalt fram til 20. júlí, en haustið sérstakilega milt. Meðalhiti hvers mánaðs sýnir frost aðeins í jan. og febrúar og desember. Úrkoma var mjög lítil, eða 461 m.m. móts mið 529 m.m. 1944. Mest hefur ársúrkoma verið 814 m.m. þau 8 ár er mælingar hafa verið, en það var árið 1942. Meðal hiti og úrkoma reyndist þessi:

	Hiti C°.	Úrkoma. m.m.
Janúar	± 4.7 -	9.0 - -
Febrúar	± 1.2 -	93.6 - -
Mars	3.2 -	25.5 - -
April	2.8 -	18.6 - -
Maí	5.5 -	25.5 - -
Júní	8.5 -	34.6 - -
Júlí	12.5 -	34.2 - -
Ágúst	12.2 -	15.8 - -
September	8.3 -	117.3 - -
Október	5.5 -	21.3 - -
Nóvember	4.0 -	23.5 - -
Desember	± 0.9 -	42.0 - -
Alls:	55.7 C°.	461.4 m.m.
Meðaltal:	4.7 -	38.5 - -

Mestur hiti mældist 19. júlí 25.2°C.

Minnstur 14.7 -

Síðasta frost að vorinu var 5 júní 1°C.

Fyrsta - - - haustinu 4 október. 2.5°C.

Egar með 20° og meira voru. í júní 4 dagar (seint í mánuðinum) í júlí 9 dagar, og í ágúst 12 dagar. Meðalhiti sumars júní-september var samkvæmt ofanrituðu 10.4°C. Sumurin þrjú 1944-1943 og 1942 var meðalhiti sumars 2°C. lægri en árið 1942, og munar um minna til hins betra eða lakara.

Grasöireiturinn: Sáð var þessum tegundum og magni:

Björk 23 kg.

Reynir 60 - mest að haustinu.

Svartgreni  $\frac{1}{4}$

Hvítgreni  $\frac{1}{4}$

Henlock  $\frac{1}{2}$

Dreiipþæntað var:

Björk 40000 stk.

Reynir 5000 -

Ribs 800 -

Sitkagreni 14200 -

Alls: 60.000 plöntur.

Tala stikling sem settir voru var þessi:

Píngvíðir 2.000 stk.

Gulvíðir 4.000 -

Ribs 6.000 -

Heggur 300 -

Alls: 12.300 stk.

Auk þess gerð tilraun með að setja stiklinga af, lerki, blá  
greni og bláfuru. ( lerki 2000, blágreni 800, bláfuru 500)

Þessi tilraun ber víst lítinn árángur. Voru stiklar þessir snemma  
vors og haldid rökum fyrir og eftir gróbursetningu.

Plöntur seldar á árinu:

a. Plöntur seldar á staðnum:	Björk	1.672 stk.
- - - - - - - - - - - -	Reynir	716 -
- - - - - - - - - - - -	Ribs	152 -
- - - - - - - - - - - -	Sólber	10 -
- - - - - - - - - - - -	Gulvíðir	728 -
- - - - - - - - - - - -	Píngvíðir	131 -
		3.410 -

b. Plöntur seldar í Reykjavík.	Björk	8.900 -
- - - - - - - - - - - -	Reynir	4.000 -
- - - - - - - - - - - -	Ribs	1.800 -
- - - - - - - - - - - -	Sólber	200 -
- - - - - - - - - - - -	Gulvíðir	1.000 -
- - - - - - - - - - - -	Píngvíðir	250 -

Alls: 19.560 plöntur.

**Áburður:** Tilbúinn áburður er fenginn var á árinu, skilgreinist þannig.

	Túnáburður.	Gardáburður.	Kalí.
Eftir um áramót		1 tonn.	
Keypt á Reyðarfirði.	2 tonn.	5 --	3 tonn.
<u>Sent af Skógrækt ríkisins</u>			2½ --
<u>Áburðarmagn alls:</u>	2 tonn.	6 tonn.	5½ tonn.
Látid í skiptum fyrir	Saltpétur.	Gardáburður.	Kalí.
Búpeningsáburð	1 tonn.	1 tonn.	
Borid í reitinn	1 --	5 --	4½ tonn.
<u>Eftir til n. árs.</u>			1 --
<u>Alls:</u>	2 tonn.	6 tonn.	5½ tonn.

Búpeningsáburður 65 vagnhlöss voru borin í reitinn.

Sandur, ca. 60 tonn voru flutt í græðireitinn á bíl.

Birkifraið sem sáð var að vorinu kom saman mjög vel upp, og allt sammilega. Fræplönturnar döfnuðu yfirleitt vel. Annars bar á ryðsveppi í mokkrum bedum, og dróg það úr vexti. Barrtrjáfræið kom sammilega upp, nema hvítgrenið, sem alls ekki spíraði. Reynivibarfræ frá haustinu 1944 kom vel upp.

Stiklingar af gulvíði og þíngvíði spruttu mjög vel, þannig að þingv. er 70-100 cm. Gulvíðir er allmikkh minni, en þó óvanalega góðar 1 árs plöntur. Ribsstikklingar heppnuðust miður, en heggur vel. í dreifplöntubeðunum var góð framför á sumrinu.

Að haustinu voru birkiplöntur útsöluhæfar teknar upp, svo og 2ja ára birkí, var það sett til geymslu í plöntubyrginu. Öll bedin með 3ja ára björk voru þakin með við og vírneti, til þess að koma í veg fyrir skemdir af völdum rjúpunar, en hún var áleitin í fyrra vetur. Birkiplönturnar í dreifplöntunardeðunum, sem skemmdust, réttu vel við, og náðu sammilegum vexti. Sumt af þeim fór þó alveg forgörðum af völdum rjúpubitsins.

Árvöxtur barrvíðarplantna í skóginum; mældist þessi.

Blágreni 10 ára árvöxtur 8-15 cm.

Skógarf. 9 - - - - - 10-15 -

Fjallggr. 10 - - - - - 15 -

Lerki 9 - - - - - 20-65 -

Hæstu einstaklingar af lerki 9 ára eru um 3½ meter.

- - - - - - - - - - - 28 - - - - 8-10 -

Ferðalög: Fór um Breiðdal og Fáskrúðsfjörð, svo og Fljótsdal og athugaði viðhald og ástand skóglendisáns í þessum sveitum.

Í Breiðdal valdi ég landsspildu til friðunar í sambandi við barnaskóla er þar er varíð að byggja. Þá fór ég til Vagla fó móts við skógræktarstjóra, en hann var þá á fórum til Vesturheims. Í sérstakri skýrslu geri ég grein fyrir athuganum mínum um þeim sveitum er að ofan greinir.

Byggingar: Íbúðarhúsið á Buðlungavöllum var lagfært innan Fóðruð voru tvú herbergi með taxi og gert við glugga. Þessar endurbætur kostuðu: Efni 132 krónur, smíði 630 kr. samtals 762 kr. Keyptur var hermannaskáli sem á að nota, sem eldhús og berðstofu handa verkafólki, á þeim tíma árs er það er flest, t.d. á vorin. Ennfremur verður geymslupláss í skálanum. Skálinn kostaði hingað kominn 1300 kr. en eftir er að reisa hann.

Eyjólfssstadargirðing: Byrjað var að girba Eyjólfssstaðarskóga, sem Skógræktarfélag Austurlands hefur deypt. Girðingarlandið afmarkað og settir neður hornstaurar. Félagð keypti efní í 300 jánstaura úr bretaskálanum, og voru þeir lagabír til. Vinnan er færð til reiknings upp í framlag skógræktar ríkisins til þessarar girðingar.

Hallormsstað 10/1 1946,  
Guttermur Pálsson.

Skýrsla þessi var nokkuð öðruvísi að orðalani, er hún var send skógræktarstjóra, en efnið híð sama.

G.P.